

REGLUGERÐ

um bólusetningar á Íslandi.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til bólusetninga (ónæmisaðgerða) og framkvæmdar þeirra á Íslandi. Allar bólusetningar skal skrá. Sóttvarnalæknir er ábyrgur fyrir því að halda skrá um bólusetningar. Sóttvarnalæknir skipuleggur og samræmir bólusetningar um land allt.

2. gr.

Bólusetningar barna.

Bólusetningum barna er ætlað að verja börn gegn alvarlegum smitsjúkdómum. Bólusetningar sem sóttvarnalæknir skipuleggur samkvæmt viðauka skulu vera börnum með lögheimili hér á landi þeim að kostnaðarlausu. Greiðsluhlutdeild fyrir aðrar bólusetningar barna skal fylgja lögum og reglugerðum um sjúkratryggingar.

3. gr.

Bólusetningar fullorðinna.

Bólusetningum fullorðinna er ætlað að viðhalda endingu barnabólusetninga eða bæta slíka bólusetningu hafi hún ekki verið gerð á barnsaldri. Skal fullorðnum gefinn kostur á bólusetningum gegn eftirtöldum sjúkdómum:

- Stífkrampa
- barnaveiki
- kikhósta
- lömunarveiki.

Öllum sem eru í sérstökum áhættuhópum, og sóttvarnalæknir tilgreinir, skal gefinn kostur á bólusetningum gegn pneumókokkasykingum og kikhósta.

Öllum sem eru í sérstökum áhættuhópum, og sóttvarnalæknir tilgreinir, skal gefinn kostur á bólusetningum gegn árstíðabundinni influensu og er bóluefni þeim að kostnaðarlausu.

Greiðsluhlutdeild fullorðinna samkvæmt 1. og 2. mgr. skal fylgja lögum og reglugerðum um sjúkratryggingar.

4. gr.

Aðrar bólusetningar.

Bólusetningar vegna opinberra sóttvarnaráðstafana skv. 12. gr. sóttvarnalaga þegar hætta er á alvarlegum farsóttum vegna eftirtalinna sjúkdóma eða þegar sérstök smithætta er fyrir hendi innan lands skal vera mönnum að kostnaðarlausu:

- berklaveiki
- lifrabólgu A
- lifrabólgu B
- meningókokka sjúkdómi
- öðrum sjúkdómum sem unnt er og brýnt að beita virkri bólusetningu gegn.
- COVID-19

5. gr.

Gefa skal kost á bólusetningum, sem hinn bólusetti greiðir sjálfur fyrir, gegn viðeigandi sjúkdómum vegna ferða fólks úr landi.

6. gr.

Bólusetningar samkvæmt þessari reglugerð annast heilsugæslustöðvar eða aðrir þeir sem sóttvarnalæknir ákveður að geti haft þær með höndum. Sóttvarnalæknir skal bjóða út innkaup á bóluefnum. ~~Heilbrigðisráðherra annast þó kaup á bóluefnum við COVID-19, sbr. 6. tölul. 4. gr.~~

7. gr.

Heilsugæslustöðvar skulu í samráði við sóttvarnalæknigera almenningi kunnugt, hvernig bólusetningum er hagað.

8. gr.

Sóttvarnalæknir lætur heilsugæslustöðvum í té sérstakt skírteini sem afhent eru þeim sem bólusettir eru. Skal skrá í skírteinið allar bólusetningar sem viðkomandi gengst undir samkvæmt reglugerð þessari.

9. gr.

Sá sem bólusetur skal skrá bólusetninguna í sjúkraskrá. Þar skal koma fram hvaða bóluefni var gefið, hvenær það var gefið og hvort aukaverkanir hlutust af. Ef ekki er bóluset skv. 2. gr. skal skrá ástæðu þess.

10. gr.

Heilsugæslustöðvar, og aðrir þeir sem bólusetja skulu senda sóttvarnalækni skýrslur um þær, sbr. 1 gr., a.m.k. árlega eða oftár samkvæmt ákvörðun hans. Senda skal sóttvarnalækni tilkynningar um hver var bólusettur, með hvaða bóluefni og hvenær, samkvæmt ákvörðun sóttvarnalæknis. Tilkynna skal um aukaverkanir bólusetninga samkvæmt ákvörðun sóttvarnalæknis.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 18. gr., sbr. 17. gr., sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingu, öðlast þegar gildi.

VIÐAUKI I

VIÐAUKI

Bólusetningar sem sóttvarnalæknir skipuleggur og eru án endurgjalds, sbr. 2. gr.

Aldur við bólusetningu	Innihald	Heiti bóluefnis
3, 5 og 12 mánaða	DTaP, Hib, IPV	Pentavac
3, 5 og 12 mánaða	PCV	Vaxneuvance
12 mánaða	MenACWY	MenQuadfi
18 mánaða og 2,5 árs	VZV	Varilrix
18 mánaða og 12 ára	MMR	M-M-RVAXPRO
4 ára	dTaP	Boostrix
12 ára og 12,5 ára	HPV	Gardasil 9
14 ára	dTaP, IPV	Repevax

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.
Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.